

Fundargerð.

Aðalfundur Norðurá bs. 2016

Aðalfundur Norðurá bs. var haldinn 19. maí 2016 í Félagsheimilinu Miðgarði kl: 15:00.

Mættir fulltrúar voru. Sigríður Magnúsdóttir (Sveitarfélagið Skagafjörður), Ágúst Þór Bragason (Blönduós), Einar Kristján Jónsson (Húnavatnshreppi), Magnús B. Jónsson (Sveitarfélagið Skagaströnd). Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Jón Sigurðsson og Einar Einarsson, Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu, Margeir Friðriksson fjármálastjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Kristján Jónasson frá KPMG og Ólöf H. Jósefsdóttir frá Flokkun Eyjafjörður ehf.

Dagskrá

- 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.**
- 2. Skýrsla stjórnar.**
- 3. Ársreikningur 2015.**
- 4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.**
- 5. Tillaga um laun stjórnar.**
- 6. Kynning á fyrirhuguðum fjárfestingum.**
- 7. Samstarf á Norðurlandi um úrgangsmál.**
- 8. Önnur mál.**

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Ágúst Þór Bragason yrði fundarstjóri og Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar

Magnús flutti skýrslu stjórnar. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 15 stjórnarfundir. Fyrir utan rekstur félagsins hefur stærsta verkefnið verið bygging 280 m² vélaskemmu sem verktakar munu skila af sér fullbúinni 1. júní n.k. Heildarkostnaður við bygginguna er um 65 milljónir króna. Gasmælingar voru framkvæmdar sumarið 2015 og verða þær endurteknar sumarið 2016 en söfnun og eyðing á gasi hefst árið 2017 ef nægt magn er til staðar.

Samtals voru urðuð 13.523 tonn í meginhólfi Stekkjarvíkur árið 2015. Í sláturúrgangshólfið fóru 3.539 tonn og þar af voru 824 tonn af dýrahraejum. Töluverð aukning er í urðun á sláturmat milli áráanna 2014 og 2015 en megin skýring þess er innkoma sláturhússins á Hvammstanga. Í heildina voru urðuð 18.267 tonn á árinu 2015. Árið 2014 voru samtals urðuð 16.155 tonn. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í gjaldskrá árið 2016 þrátt fyrir miklar framkvæmdir við stækkun urðunarhólfs og fleira en í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir stækkun urðunarhólfs árið 2016. Í meginráttum hefur gjaldskráin verið óbreytt frá upphafi.

3. Ársreikningur 2015

Kristján Jónasson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi 2015. Megin niðurstöður eru að hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2015 að fjárhæð 68,4 milljónir kr. samkvæmt rekstarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 192,1 milljón kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Rætt var um að gera skýrari grein fyrir vöktunarsjóði félagsins í ársreikningi en hann þarf að liggja fyrir þegar starfstíma í Stekkjarvík líkur. Kristjáni og Margeiri falið að gera vöktunarsjóðinn meira sýnilegan í næsta ársreikningi en þeir peningar sem honum tilheyra í dag eru geymdir á sérstakri bók sem fellur undir handbært fé í ársreikningi.

Ársreikningur 2015 borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

4. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Sigríður Magnúsdóttir fulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar bar upp þá tillögu að í stjórninni yrðu Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson aðalmenn. Ágúst Þór Bragason, Ásmundur Pálmason og Sigríður Magnúsdóttir varamenn. Tillagan var samþykkt samhljóða. Jafnframt bar hún upp þá tillögu að Kristján Jónasson frá KPMG yrði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2016. Var tillagan samþykkt samhljóða.

5. Tillaga um laun stjórnar

Borin var upp tillaga um laun stjórnar, en gert er ráð fyrir eins og verið hefur að þau taki mið af þingfarakaupi sem í dag er 714.030 kr. Tillagan var að stjórnarlaun verði óbreytt og taki mið af eftirfarandi: Stjórnarformaður fær 3% = 21.420 kr pr. fund. Stjórnarmaður fær 2% = 14.280 kr pr. fund. Varamenn fá sama og stjórnarmenn mæti þeir á fund. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kynning á fyrirhuguðum fjárfestingum

Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu gerði grein fyrir þeim framkvæmdum sem fara þarf í vegna stækkunar urðunarhólfsins árið 2016. Gert er ráð fyrir að sorpmagnið nái hámarki árið 2019 en fari minnkandi eftir það vegna meiri flokkunar og endurvinnslu. Engu að síður er erfitt að sjá þróunina fyrir en margir óvissuþættir geta haft áhrif á hana. Gangi þessi áætlun ekki eftir þarf að endurskoða starfsleyfið sem gerir ráð fyrir urðun á 21.000 tonnum á ári. Samtals er áætlað að framkvæmdir ársins 2016 kosti um 370 milljónir með gaseyðingarkerfi en ekki liggur fyrir hvort það þurfi að kaupa eða ekki. Eftir 5 til 10 þarf að taka ákvörðun um hvað eigi að taka við eftir árið 2038 þegar núverandi urðunarsvæði verður fullnýtt. Meira landsvæði er samt til staðar í landi Stekkjarvíkur.

Margeir Friðriksson fór yfir sjóðstreymi hjá Norðurá árin 2016 og 2017. Samtals er gert ráð fyrir að taka allt að 250 milljón króna lán hjá Lánasjóði Sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir en restin verði greidd með eiginfé.

Tillaga um að félagið taka lán allt að 250 milljónum króna til að fjármagna framkvæmdir var borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Samstarf á Norðurlandi um úrgangsmál

Rætt almennt um stöðuna í úrgangsmálum en megin niðurstaðan þegar horft er til baka er að Stekkjarvík uppfyllir vel kröfur um urðun úrgangs og það er hagkvæmt fyrir Norðurland allt að standa saman að urðun í Stekkjarvík. Margt er samt óljóst um kröfur hins opinbera um meðferð á dýraleifum og sláturúrgangi og hversu lengi megi urða hann áfram. Bent á að lausnir á eyðingu sjálfdaðra dýra séu mjög óljósar verði urðun á áhættuflokki 1 alfarið bönnuð. Rætt um að hafa sláturleyfishafa á Norðurlandi með í ráðum áður en farið verður í frekari stækkun á sláturúrgangshólfi en svokallaðir brennsluofnar eru nú mjög að ryðja sér til rúms í sláturhúsunum.

8. Önnur mál

Enginn.

Magnús sleit fundi og þakkaði mönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 16:30

Einar E Einarsson

Ágúst Þór Bragason